

hvað? hvar? hvenær?

22 23 24 25 26 27 28

Sunnudagur

KVIKMYNDIR

13.00 **Rínargullið**, ópera Richards Wagner, verður sýnd á DVD í **Norraena húsinu** á vegum Richard Wagner-félagsins á Íslandi. Næstu vikur verður svo framhaldið af **Niflungahringnum** sýnt annan hvern sunnudag. Sýndar verða upptökur af hinni margrómuðu uppsetningu franska leikstjórans **Patrice Chéreau** frá árinu 1980.

15.00 Hin fræga kvikmynd japanska leikstjórans Akira Kurosawa frá 1975, **„Dersú Úzala“**, verður sýnd í **biósal MÍR**, Vatnssög 10. Mynd þessa vann Kurosawa í Sovétríkjunum í samvinnu við þarlenda og byggði á frásögnum rússneska rithöfundarins V. Arsenjevs af rannsóknarferðum sínum um austustu héruð Rússlands á árunum 1902-1929 og kynnum af Dersú Úzala, veiðimanni af kynþætti Gólda. Ensukur texti er með myndinni.

15.00 **Safnarabíó** verður í **Gerðubergi**, þar sem ný stendur yfir sýningin Stefnumót við safnara. Frumsýnd verður heimildarmyndin „Grúskari af guðs náð“ eftir **Kára G. Schram** um Jónas Halldórsson í Antikbúðinni. Í kjölfarið verður myndin um Valda koppasala sýnd. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Nýr dagskrárlíður á **Bar 11** ber titilinn „**Ellefubíó**“. Um er að ræða vikuleg biókvöld þar sem sýndar eru gamlar og klassískar tónlistar- og cult-myndir.

Leikurinn hefst á einni fyndnustu mynd roksögunnar, „**Spinal Tap**“, og svo horror-klassíkinni „**Evil Dead**“.

TÓNLEIKAR

20.00 **Kammersveitin Camerartica** flytur strengjakkvartett eftir **Sjostakovítsj** og tríó fyrir píano, fiðlu og selló á tónleikum Kammersmúsíklúbsins í **Bústaðakirkju**.

20.00 **Kammersveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar** og nemendur í háskólu. Að þessu sinni eru öll verkin á tónleikum eftir Mozart. Stjórnandi er **Óliver Kentish**. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

20.00 Nýr stónleikar **Triós Reykjavíkur** í **Hafnarborg** með **Sigrúnu Hjalmtýsdóttur** og **Bergþóri Pálssyni**. Boðið verður upp á vínartónlist, sígaunatónlist og tónlist úr þekktum söngleikjum, bæði evrópskum og amerískum, og má þar nefna syrpu úr Carusel eftir R. Rogers. Mozart mun bregða fyrir og hinir sívinsælu Strauss, Lehár og Kálmán verða að sjálfsgötu á sínum stað.

LEIKLIST

14.00 **Borgarleikhúsið** sýnir **Línu Langsokk** eftir **Astrid Lindgren** á Stóra sviðinu.

16.00 **Borgarleikhúsið** sýnir barnaleikritið **Rauða Skórnir** eftir **H.C. Andersen**.

17.00 **Þjóðleikhúsið** sýnir **Dýrin í Hálsaskógi** eftir **Thorbjörn Egner**.

20.00 **Borgarleikhúsið** sýnir **Sporvagninn Girnd** eftir **Tennessee Williams**.

20.00 **Borgarleikhúsið** sýnir söngleikinn **Chicago** eftir **J. Kander og F. Ebb** á Stóra sviðinu.



20.00 **Þjóðleikhúsið** sýnir á Litla sviðinu leikritið **Græna landið** eftir **Ólaf Hauk Símónarson**.

20.30 **Kómeðiuleikhúsið** sýnir leikritið **Steinn Steinnarr** í **Borgarleikhúsinu**.

SKEMMTANIR

20.00 **Caprí-tríó** leikur fyrir dansi í **Ásgarði**, Glæsibæ.

ÚTIVIST

10.30 **Skíðaganga** á vegum Ferðafélags Íslands. Mæting í Mörkinni 6, sameinast í bíla og ákveðið hvert skal halda. Umsjón með ferðinni hefur **Eiríkur Þormóðsson**.

11.00 **Dagsferð í Herðisavík** á vegum Ferðafélags Íslands. **Páll Sigurðsson** prófessor rifjar upp sögu staðarins, segir frá lífi Einaris Benediktssonar skálds í vikinni og leiðir ferðalanga um fríðlystar sjóþúðaminjar í nágrenninu. Brottför er frá Mörkinni 6. Heimkoma um kl. 16.30. Allir velkomnir.

FUNDIR

20.00 **Hjördís Hilmarsdóttir**, göngusérfræðingur ÍT-ferða, kynnr **spennandi gönguferðir** bæði erlendis og innanlands, sem boðið verður upp á á fundi í **Félagshúsi Þróttar** við gervigrasvælinum í Laugardalnum.

SAMKOMUR

13.00 Nýr **Toyota Avensis** verður kynntur í höfuðstöðvum Toyota við Nýbýlavegin í Kópavogi. Boðið verður upp á reynsluakstur. Herlegheitin standa til klukkan fjögur.

15.00 Einstaklingar í trúfélögum **bahá'ía, soka Gakkai búddista, gyðinga, kristinna og múslima** bjóða til samveru í safnaðarheimili **Háteigskirkju**. Flutt verða lög og trúartextar og bærir lesnar. Boðið verður upp á kaffisopa í lok athafnar. Samveran er haldin til að áreita mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og stuðla að fríði í upphafi nýs árs.

15.00 Sunnudagar eru **barnadagar** í aðalsafni **Borgarbókasafns**, Tryggvagötu 15. Í dag aðstoðar **Kristín Arngrímsdóttir** myndlistamaður börn við listsköpun í barnadeildinni á annari hæð.

16.00 Mikil **barna- og fjölskylduhátíð** verður haldin í **Íþróttahúsi Hauka að Ásvöllum** á vegum Ásvallasóknar, Fríkirkjunnar, Hafnarfjarðarkirkju og Víðistaðakirkju. Allir leiðtogar og prestar safnaðanna taka þátt. Biskup Íslands, hr. **Karl Sigurbjörnsson**, flytur hugvekju, hljómsveit leiðtoganna leiðir söng, **Jóhanna Guðrún** syngur, trúður kemur í heimsókn og farið verður í leiki svo fátt eitt sé talið. Kynnir á hátíðinni er **Adda Steina Björnsdóttir**. Eftir hátíðina er öllum boðuð upp á góðgæti í boði safnaðanna.

SÝNINGAR



13.00 **Ólafur Elíasson** sýnir **Frost Activity** í **Listasafni Reykjavíkur**.

15.00 Myndlistarsýning **Jóns Gnarr, INRI**, stendur yfir í **Fríkirkjunni** í Reykjavík. Sýningin er opin sunnudaga frá 15-19 og stendur til 20. febrúar. Aðgangur er ókeypis. Allir hjartanlega velkomnir.

LEIKSÝNING

Fíkn í rauða skó

Brúðuleiksýningin **Rauða skórnir** var frumsýnd á nýja sviði Borgarleikhússins um síðustu helgi. Hún hefur komið þeim sem séd hafa töluvert á óvart, enda eiga flestir von á barnasýningu þegar um brúðuleikhús er annars vegar. Þessi sýning er hins vegar frekar ætluð fullorðnum, þótt börnin megi vissulega koma með.

„Þetta er byggt á gamalli munnmælasögu sem varð reyndar þekktust í höndunum á H.C. Andersen. Við stöðjumst við hans útgáfu að nokkru leyti, en þó meira við eldra afbrigði sem kemur frá Ungverjalandi,“ segir Hallveig Thorlacius, sem er einn af höfundum og leikurum í sýningunni.

Flestir kannast við ævintýrið um munaðarlausu stúlkuna sem þráði svo heitt að eignast rauða skó. Þegar draumurinn rættist tóku skórnir hins vegar gjörsamlega af henni völdin. Hún gat ekki hætt að dansa fyrir en hún greip til örþrifaráða og lét höggva af sér fæturna með skónum á.

„Sýningin er unnin í sameiningu af leikhópnum og leikstjóranum, og Ingvar Sigurðsson á líka stóran þátt í henni þótt hann hafi ekki getað verið með okkur vegna anna við annað. En hann var með okkur í upphafi og á mikið í þessu.“

Benedikt Erlingsson leikstýrir, en auk Hallveigar leika þau Helga Arnalds og Jón Páll Eyjólfsson í sýningunni. Leikmynd og brúður eru eftir Petr Matásek, en Ragnhildur Gísladóttir semur tónlistina.

Hallveig segir bæði leikmyndina og tónlistina eiga stóran þátt í sýningunni.

„Það er ekki sagt eitt einasta



BRÚÐAN SEM FÉLL FYRIR SKÓNUM

Þrjár sýningar eru eftir á Rauðu skónum í Borgarleikhúsinu. Þessi brúðuleiksýning hefur komið mörgum áhorfendum á óvart.

orð í sýningunni, heldur er það tónlistin sem heldur henni uppi.

Tónlistin og sýningin eru því allveg óaðskiljanleg þannig að hvorugt getur án hins verið. Leikmyndin er heldur ekki bara um-

gjörð utan um brúðuna heldur er brúðan eiginlega föst í þessari leikmynd allveg eins og við mannfólkið erum föst í einhverjum veruleika sem við höldum að við komumst ekki út úr.“ ■



Norska listakonan **Siri Gjesdal** opnaði í gær sýningu á verkum sínum í sýningarsölum **Norraena hússins**. Yfirskrift sýningarinnar er **Bátur** og haf en sýnd verða textilverk unnið úr vef og gömlum segldúk, kola-, krita- og tússteikningar.

Á **Kjarvalsstöðum** lýkur í dag sýningunni **Ferðafuðu**, sem er sýning á miniatúrum eftir fjölmarga íslenska listamenn. Þar lýkur einnig í dag sýningunni „Myndlistarhúsið á Miklatúni – Kjarvalsstaðir í 30 ár“.

SÝNING

Ólafur stefnir í metaðsókn

Það hefur verið stöðugur straumur í safni frá foropnuninni á föstudaginn í síðustu viku,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, um **Frost Activity**, sýningu Ólafs Elíassonar í Hafnarhúsinu. „Við merkjum þetta líka á því að það er meira að gera í bóksölu og kaffiteriunni. Það er mikið af nýjum andlitum hérna og fullt af fólki sem við sjáum ekki hérna alla jafna. Þetta er afar ánægjulegt og sýnir að Ólafur höfðar greinilega sterkt til margra.“

Um síðustu helgi komu á fjórða þúsund manns í húsið en fram til dagsins í dag hafa á sjötta þúsund manns heimsótt safnið og skoðað sýningu Ólafs. Þá hefur aðsókn í leiðsagnir ýmissa hópa, skólahópa og vinnustaðahópa sjaldan eða aldrei verið meiri. Ef fram fer sem horfir sér Listasafn Reykjavíkur fram á að nýtt aðsóknarmet

Bjarni Sigurbjörnsson og **Svava Björnsdóttir** eru með samsýningu á verkum sínum í **Listasafninu** á **Akureyri**.

Sýningin **Stefnumót við safnara** hefur verið opnuð í **Gerðubergi**, menningarmiðstöðinni í Breiðholti. Þar sýna ellefu safnara á öllum aldri brot af gersum sínum.

Reykvisku myndlistamennirnir **Helga Óskarsdóttir**, **Guðrún Vera Hjartardóttir** og **Ingibjörg Magnadóttir** opnuðu í gær sýninguna „Avöxtur myrkursins“ í **Skafthelli**, menningarmiðstöð á Seyðisfirði. Sýningin er opin á opnunartíma hússins og stendur til 6. febrúar.

Þrjár sýningar standa yfir í **Listasafni ASÍ**. Í Ásmundarsal sýnir **Rósa Gísladóttir** „Kyrralífsmýndir frá plastöld“, í Gryfju sýnir **Margrét M. Norðdahl** „Annara manna Staðaldur“ og í Arinstofu er sýning á nokkrum portretmyndum úr gífsi eftir **Kristín Pétursson** úr eigu Listasafns ASÍ.

Gauthier Hubert og **Guðný Rósa Ingimarsdóttir** eru með sýningu í Nýlistasafninu. Hún stendur til 17. febrúar.

Sýning á nýjum verkum eftir **Jón Sæmund Auðarson** og **Særunu Stefánsdóttur** stendur yfir í **Safni**, Laugavegi 37. Þau sýna hvort um sig ný verk sem eru sérstaklega unnin fyrir sýningararmíð. Auk verka úr safneigninni standa einnig yfir þrjár aðrar sérsýningar í Safni: Nýjar teiknimyndir eftir **Lawrence Weiner**, Litir eftir **Adam Barker-Mill** og kynning á verkum frá ferli listamannsins **Hreins Friðfinnssonar**.

Tvær einkasýningar standa yfir í **Gallerí Skugga**, Hverfisgötu 39. Á jarðhæð gallerisins sýnir **Sólveig Birna Stefánsdóttir** níu málverk og ber sýningin yfirskriftina „Reiðtúr á nykri“ og vísar til huglægs ferðalags um lendur málverksins. Í kjallara gallerisins er **Hulda Vilhjálmisdóttir**, húdda, með sýninguna „Þegar ég gef þér ritið, tek ég mynd af því með glermyndavélinni“. Um er að ræða málverk, skúlptúr og innsetningu.



ÓLAFUR ELÍASSON

Gerir stormandi lukku hvar sem hann kemur og allt útlit er fyrir að sýning hans, **Frost Activity**, muni setja nýtt aðsóknarmet hjá Listasafni Reykjavíkur.

verði slegið með sýningunni **Frost Activity**, en Soffía gerir ekki ráð fyrir að það muni draga úr aðsókninni. „Það er afar ólíklegt

enda vilja flestir sem voru hérna um opnunarhelgina koma aftur og njóta þess að skoða verkið í meira næði. Þetta er þannig verk.“ ■

100% „HITT“
með Helgu Brögu
í tónlistarhúsinu Ými Skógarhlíð 20

Næstu sýningar:

- fös. 23. jan. örfá sæti laus
- lau. 24. jan. örfá sæti laus
- fös. 30. jan. örfá sæti laus
- fös. 6. feb. laus sæti
- lau. 7. feb. laus sæti
- fös. 13. feb. laus sæti

Sala aðgöngumiða: **BARNADAGINN 16**

Office 1, Reykjavík, sími 550 4100
Ósottar pantanir seldar daglega